

AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekku, Brekkuheiði og Vallárvegur.*
Í breytingunni felst að byggingarmagn miðast nú við nýtingarhlutfallið 0,03 í stað 100 m² hámarksstærð frístundahúsa og hámarksstærð aukahúsa er 30 m² í stað allt að 10 m² geymslu.
Samþykkt í sveitarstjórn 28. júní 2012.
2. *Deiliskipulag Hvítárness, fjallasel.*
Skipulagssvæðið sem er um 3 ha nær yfir núverandi skála í Hvítárnesi og nánasta umhverfi. Í skipulaginu er m.a. afmörkuð lóð utan um núverandi hús auk þess sem gert er ráð fyrir stækkun á salernisaðstöðu og afmarkað svæði fyrir bílastæði og tjaldsvæði.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2012.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. október 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2012